

**Nd.**

### **114. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg., svolátandi:

Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsg. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða  $\frac{1}{2}$  hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikraspítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.